

Tillaga 4 - Áminning til bæjarstjórnar varðandi þjónustu á Eyrarbakka og Stokkseyri

Ég stend hér í dag sem íbúi Stokkseyrar, sem hluti af þeirri samfélagsheild sem Árborg á að vera. En um leið er ég rödd ungmennanna og íbúanna sem búa á þeim stöðum sem oft gleymast þegar ákvarðanir eru teknar.

Það er mikilvægt að tala hreint út: það er ójafnvægi innan sveitarfélagsins. Þjónustan er ekki jöfn. Tækifærin eru ekki jöfn. Og tilfinningin sem margir íbúar Stokkseyrar og Eyrarbakka hafa er sú að þeirra rödd skipti minna máli en annarra.

Við sjáum það á mörgum sviðum. Sundlaugin á Stokkseyri hefur verið lokuð stóran hluta ársins og það hefur mikil áhrif á samfélagið, bæði börn, ungmenni og eldri íbúa sem hafa misst mikilvægan samkomustað og hreyfimöguleika.

Við sjáum það líka í skólamálum: nemendur í Barnaskólanum Á Eyrarbakka og Stokkseyri þurfa oft að sætta sig við minna, t.d. Var ekki gert ráð fyrir bókasafni í skólahúsnæðið á Eyrarbakka, BES var ekki veitt styrk fyrir nýjum ípöðum sem nýttir hefðu verið í kennslu og svo margt meira.

Við sjáum það einnig í samgöngum, Árborgarstrætó gengur sjaldan, oft á óþægilegum tímum, og það gerir ungu fólki erfitt fyrir að taka þátt í tómstundum eða félagslífi í öðrum hluta sveitarfélagsins. Í staðinn hefur áætlun Árborgarstrætó verið breytt svo hægt sé að nýta vagninn sem frístundabíl fyrir yngsta stig grunnskólanna á Selfossi og vil ég benda á að það er nú þegar frístundabíll sem gengur innanbæjar á Selfossi og áður innanbæjar Stokkseyrar og Eyrarbakka; þær ferðir voru lagðar niður.

Þetta eru ekki smáatriði heldur eru þetta dæmi um hvernig mismunurinn í þjónustu hefur áhrif á daglegt líf fólks.

Við trúum því ekki að þetta sé af illvilja, heldur af vana. Það hefur einfaldlega verið sjálfsagt að leggja mesta áherslu á stærsta byggðarkjarnann. En nú er kominn tími til að við breytum þeim vana.

Við þurfum að tryggja að þjónusta, uppbygging og tækifæri dreifist jafnt. Að börn og ungmenni á Stokkseyri og Eyrarbakka hafi sömu aðstöðu, sömu möguleika og sömu framtíðarsýn og jafnaldrar þeirra annars staðar í Árborg.

Þetta snýst ekki bara um sundlauginu og strætó, heldur virðingu.

Við vitum að við getum gert betur. Við vitum að Árborg getur orðið sveitarfélag sem stendur saman, þar sem allir staðir eru jafnir, ekki bara á korti, heldur í verki.

Við erum ekki að biðja um neitt óraunhæft. Við erum einfaldlega að biðja um sanngirni.

Um að rödd Stokkseyrar og Eyrarbakka fái að heyrast og að hún sé tekin alvarlega.